

44

18. maí

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir þann hluta Svarfaðardalshrepps, er telst til Dalvíkurkauptúns.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir þann hluta Svarfaðardalshrepps, er telst til Dalvíkurkauptúns, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir þann hluta Svarfaðardalshrepps, er telst til Dalvíkurkauptúns.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar er sýslunefnd kýs af íbúum þorpsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina til fundar, þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir eða héraðslæknir óskar, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefur á hendi bréfaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Héraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundum og taka þátt í umræðum, en ekki hefur hann atkvæðisrétt.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktinni sé hlýtt í öllum greinum. Hún skal í því skyni rannsaka hús og eignir manna á samþykktarsvæðinu einu sinni á ári, og oftár ef þörf krefur, og má hún skipta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefnd skal færa í bók allt það, sem hún finnur aðfinnsluvert samkvæmt samþykkt þessari, og skal hún skriflega skipa þeim, sem í hlut eiga, fyrir um það, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, og kæra til sýslumanns ef eigi er hlýtt.

5. gr.

44

18. maí

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefur í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd, og fara fram á að fé sé veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

II. KAFLI

Um fráræslu.

6. gr.

Skólp má ekki láta síga í jörð þar sem óþrífnaður er að því; skal veita öllu skólpi burt frá húsum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, og skulu ræsin gerð eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Ef ræsin eru gerð meðfram akvegi á opinberan kostnað, skulu þeir er hús eiga meðfram veginum, skyldir að gera skólpræsi, hver frá sínu húsi út í göturæsið.

III. KAFLI

Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Skal hvorki í þau bera né láta í þau renna neitt það, er óhreinkar vatnið, eða spillir því. Úr lækjum sem renna um samþykktarsvæðið skal bannað að taka neyzluvatn, ef hætta er á því að vatnið óhreinkest eða spillist frá þeim, sem ofar búa.

9. gr.

Brunna má ekki hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Nú vill einhver gera nýjan brunn, eða breyta gömlum brunni, þá skal tilkynna það heilbrigðisnefndinni, er segir fyrir hvernig brunnum skuli vera háttað, og er hlutaðeigandi skyldur að fara eftir fyrirsögn hennar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir það í ljós, að vatnið sé skaðvænt, og ekki er unnt að gera við brunnum svo, að vatnið verði óskaðvænt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofaní brunnum, og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

Vatnsveitur á samþykktarsvæðinu eru eins og önnur vatnsból þar, háð umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar.

IV. KAFLI

Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Ekkert peningshús, fjós eða áburðarhús má byggja í þorpínu á öðrum stað en þeim, sem heilbrigðisnefnd leyfir og telur að ekki stafi óhollusta eða óþrifnaður frá. Ef byggingarnefnd er til í þorpínu, skal leitað umsagnar hennar, og er skylt að fara eftir tillögum hennar, hvernig hún telur byggingunni haganlegast fyrir komið og smekklekast. Sama gildir og um forir og safngryfjur, skulu þær ætíð gerðar af lagarheldri steinsteypu, og með vatnspéttu þaki. Mykjuhauga eða aðra áburðarhauga má hvergi hafa í þorpínu.

12. gr.

Komi peningshús, haughús, forir eða haugar, sem eldri eru en þessi samþykkt, í bága við ákvæði næstu greinar á undan, getur heilbrigðisnefnd heimtað að úr sé bætt, en heimilt er þá viðkomanda að skjóta fyrirskipunum nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns innan átta daga, en hann skal leita álits héraðslæknis, og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er.

V. KAFLI

Um salerni.

13. gr.

Hverju íbúðarhúsi og sjóhúsi skal fylgja salerni, er sé sett á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Skulu þau vera svo gerð sem heilbrigðisnefnd mælir fyrir.

14. gr.

Salerni skulu jafnan vera vel hrein, og saurilátin tæmd áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir, hvar láta megi saur úr salernunum.

15. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en samþykkt þessi eða þau eru illa gerð eða óþrifleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þau séu gerð eða endurbætt.

Vinnuveitendur skulu skyldir að hafa salerni svo mörg, sem heilbrigðisnefnd telur nægja.

VI. KAFLI

44

Um sorp og önnur óhreinindi.

18. maí

16. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nærri íbúðarhúsum, alfaravegum, eða vatnsbólum. Flytja skal burtu allt sorp að minnsta kosti tvisvar á ári, haust og vor. Heilbrigðisnefnd getur heimtað að sorpi og ösku sé safnað í laus ílát úr málmí, og flutt burt jafnótt og þau fyllast, á þann stað, er hún til tekur.

17. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum, í sjóinn, ef það er ekki hagnýtt og flutt burtu jafnóðum og það til fellst. Formenn eða verkstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sé hlýtt.

18. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra sem næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum valda, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

Þeim, sem flytja mykju, grút, slor og bein, eða annað, sem óþrifnaður er að, um götur þorpsins, ber að gæta þess að ekki falli neitt úr flutningstækjunum á götuna, og ef það kemur fyrir, þá að hreinsa það burtu strax.

Bein má ekki þurrka svo nærri húsum eða alfaravegi, að maðkur geti skriðið á húsinn eða veginn. Ekki má heldur hlaða þurrum beinum á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd leyfir.

VII. KAFLI

Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir.

19. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsisbræðsla, fiskþvottur, beinamölun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti suertir, bæði utan húss og innan.

VIII. KAFLI

Um slátrun.

20. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með slátrun sauðfjár, og lita eftir hvort nauðsynlegs þrifnaðar sé gætt; skulu allir sem við slátrun fást, skyldir að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni. Þrifa skal slátursvæðið daglega og koma til sjávar saur og öðrum úrgangi, er fram kemur við slátrunina. Sullum skal eyða

44 svo sem lög mæla fyrir. Ílát þau og áhöld, sem notuð eru við slátrunina, skulu 18. maí daglega þvegin og hreinsuð. Vatn til þæklunar á kjöt skal tekið úr neyzzluvatnsbóli.

IX. KAFLI

Um matvöru.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sé höfð á boðstólum skemmd eða svikin matvara, sem skaðleg er heilsu manna. Nú kemur það í ljós við rannsókn, að einhver matvara, sem seld er, reynist skaðleg heilsu manna, skal nefndin þá auglýsa það opinberlega og vara menn við að nota hana til manneðis; getur nefndin bannað að selja hana, að viðlögðum sektum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálf dauðum má ekki selja til manneðis, nema héraðslæknir áliti það hættulaust.

22. gr.

Öll mjólk skal vera háð eftirliti heilbrigðisnefndar eftir því sem við verður komið, og getur nefndin bannað mjólkursölu frá heimili, ef næmur sjúkdómur er á heimilinu eða kýr þar veifar af næmum sjúkdómi. Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka né fara með þá mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefndin getur og bannað sölu mjólkur frá heimili, ef þar er farið óþriflega með mjólkina, eða hreinlæti í fjósinu eða hirðing á kúm svo lakleg, að venju meiri hætta er á að mjólkin óhreinist í fjósinu. Sama er og, ef fjósið er notað fyrir salerni.

X. KAFLI

Um íbúðarhús.

23. gr.

Öll herbergi, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unnt sé að halda þeim hreinum og loftrás góðri.

Ef íbúðarhús eru svo illa gerð, hrörleg, þröng, eða óhrein, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í þeim, þá getur hún bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo, að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á átta daga fresti, að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits héraðslæknis, og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

XI. KAFLI

Um skóla.

44

18. maí

24. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og stofur, sem notaðar eru til kennslu á samþykktarsvæðinu a. m. k. einu sinni á ári. Hver sá, er tekur börn til kennslu, skal tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna. Séð skal um að nægileg loftræsting sé í kennslustofunum og loftrými a. m. k. 2,5 rúmmetri á hvern nemanda, og er heilbrigðisnefnd skylt að sjá um að fyllsta hreinlætis sé gætt um hirðingu skólahúsa.

Ef nemandi eða kennari hefir næman sjúkdóm og læknir álitur, að um sóttnæmishættu sé að ræða, þá skal heilbrigðisnefnd banna að hlutaðeigandi komi í skólann, þar til læknir telur sóttnæmishættuna um garð gengna.

XII. KAFLI

Um samkomuhús.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í þorpinu, og sjá um, að þau séu ræstuð, hvenær sem hún álitur þörf, sem og, að jafnan séu nægilega mörg hrákaílát. Vilji eigendur ekki setta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits héraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

XIII. KAFLI

Um brauðgerðarhús.

26. gr.

Enginn má reisa brauðgerðarhús né byrja bakaraiðn á samþykktarsvæðinu fyrr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar. Skal leyfið bundið því skilyrði að brauðgerðarhúsið sé hjart og loftgott, loft og veggir kalkaðir eða sementsbornir, og loft steinlímt eða hellulagt. Áður en brauðgerðarhús tekur til starfa, skal heilbrigðisnefnd með ráði héraðslæknis setja reglur um hollustuhætti og þrífnað við daglega vinnu þar, útilokun sjúklinga með næma sjúkdóma og sár o. s. frv.

Getur heilbrigðisnefnd látið loka brauðgerðinni, ef þeim reglum er ekki fylgt.

XIV. KAFLI

Um kirkjur og kirkjugarða.

27. gr.

Verði kirkja gerð eða kirkjugarður í þorpínu, skal leitað álits og umsagnar heilbrigðisnefndar. Um hreinlæti og þrifnað í kirkjunni gilda sömu reglur og um samkomuhús.

XV. KAFLI

Um næma sjúkdóma.

28. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefnd aðstoða héraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á samþykktarsvæðinu, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við héraðslækni að setja strangari fyrirmæli um stundarsakir en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XVI. KAFLI

Um sektir.

29. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja á settum fresti, að framkvæma þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, varðar það allt að 200 króna sekt, sem rennur í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

30. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1935.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.